

Matorka ehf.  
Hlíðasmára 6  
201 Kópavogur

Reykjavík, 20. desember 2019  
UST201901-279/H.S.J.  
08.12.02


**Efni: Reglubundið eftirlit, 24.10. 2019, hjá Matorku, Grindavík**

Þann 24. október sl. fór fram eftirlit í Matorku, i5 reit Húsatóftum Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Matorka Húsatóftir i5	Dags. eftirlits: 24.10.19	Staðsetning stöðvar: Grindavík	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 500412-0540	Gildistími starfsleyfis: 14.01.31	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Landeldi 3000 tonn af bleikju,lax, regnboga- silungi og borra

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Lífmassaaukning ársins 2018 var um 521 tonn og lífmassi í lok árs um 277 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið að sækja um stækkun i5 í 6000 tonn, þar sem rekstur stöðvanna í Húsatóftum, i5 og i6 verður sameinaður undir einu 6200 starfsleyfi.  Alin hefur verið bleikja en 2019 kom líka regnbogasilungur inn í stöðina.  Verið er að stækka, ný kerjalína verður tekinn í notkun í sumar og sú fjórða næsta vetur.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar. Fóðrun, framleiðsla og afföll skráð í Farm control og mánaðarskýrslur gerðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 23. apríl
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 23. apríl
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	X			Áætlanir voru á staðnum í gæðahandbók.  Viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hefur verið uppfærð síðan seinasta eftirlit fór fram en rekstraraðila var bent á að taka til athugunar hvort frekari uppfærslu er þörf á verklagi í tilkynningum mengunaróhappa í samræmi við leiðbeiningar

**Eftirlit með fiskeldisstöð**

**Landeldi**

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				eftirlitsaðila. Uppfærð gæðahandbók barst 18.12.19
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Tryggingarskírteini er í gildi út mars 2020.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í gæðahandbók. Neyðar- og viðbragðsáætlun hefur verið uppfærð síðan seinasta eftirlit átti sér stað en rekstraraðili hyggst senda enn uppfærða áætlun í samræmi við frekari leiðbeiningar eftirlitsaðila. Uppfærð gæðahandbók barst 18.12.19.

Umhverfi	Já / í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Starfað eftir ASC staðli. Umhverfismarkmið voru uppfærð haust 2019.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Blásið er í ker byggt á vaxtarlíkönum.
Er skráning á losun fósförs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Losunarmörk eru 14 kg P/tonn. Mælingar 22. mars og 4. sept 2018 og losun áætluð frá þeim mælingum gefur 7,3 kg P/tonn skv. rekstraraðila. Einnig var mælt í september 2019. Heildarfösför: 0,1 mg /L í inntaksvatni, 0,2 mg /L í frárennsli og 0,7 mg /L í viðtaka við útrás. Heildarköfnunarefni: 0,7 og 1,2 mg/L í inntaksvatni, 1,5 mg/L í frárennsli og 3,3 mg/L í viðtaka við útrás.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli?	X			Frárennsli leit vel út. Fjara var svo sjór náði ekki upp að frárennslisröri og svæðið sást vel. Eitthvað var um fugl við útrásina en engin önnur sjáanleg ummerki voru um eldið.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			<p>Mælingar í frárennsli voru í mars 2018, sept 2018 og sept 2019, sjá hér að ofan fyrir fosfór og köfunarefni.</p> <p>COD: 2018, 20 mg/L og 6 mg/L í borholum og mældist í frárennsli 18 mg/L og 16 mg/L. 2019 mældust 28 mg/L í Baðstofugjá , 296 mg/L í borholusjó og 326 mg/L í frárennsli.</p> <p>Svifagnir: 2018, 59 mg/L og 51 mg/L í borholum og 11mg/L og 32 mg/L í frárennsli. 2019 mældust 4 mg/L í Baðstofugjá, 19 mg/L í borholusjó og 12 mg/L í frárennsli.</p>
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			<p>Tromlusíður eru við ker í línun þar sem vatn er hreinsað áður en því er hleypt áfram í næsta ker. Enn sem komið er er seyran ekki fjarlægð heldur sameinast frárennsli línunnar og rennur til sjávar.</p>
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			<p>Losað er í sjó, um 300 m frá brunni eftir að frárennsli allra lína sameinast ásamt frárennsli frá minni Húsatóftastöð, i6.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			<p>Sýni tekin mars 2018 og sept 2019. Sjá hér að ofan fyrir fosfór og köfnunarefni.</p> <p>Sjá hér að ofan fyrir inntaksvatn og frárennsli.</p> <p>COD: Var 2018 15 mg/L og 2019 236 mg/L í viðtaka.</p> <p>Svifagnir: Voru 2018 107 mg/L og 2019 21 mg/L í viðtaka.</p>
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Eini úrgangurinn sem fellur til í stöðinni er dauðfiskur. Hann er sóttur af Skinnfiski 3x í viku.</p>
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			<p>Ný vöktunaráætlun hafði verið gerð síðan seinasta eftirlit átti sér stað, en</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				þarfnáðist frekari uppfærslu í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Ný vöktunaráætlun barst í gæðahandbók 18.12.19.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum mælinga úr frárennsli og einni borholumælingu 2018 bárust með ársyfirliti. Eftirlitsaðili hafði þó fengið niðurstöður annarra mælinga í eftirliti 2018 og fékk niðurstöður mælinga 2019 í þessu eftirliti. Eftirlitsaðili óskar eftir því að slíkar niðurstöður fylgi einnig ársyfirlitinu.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki er gerð krafa um frekar mælingar en þær sem vísað er í hér að ofan.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu áætluðu mælingar eru 2020, Heildarfösfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og COD í frárennsli Sýni ehf.

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
Við eftirlit 2018 komu fram tvö frávik fram frá starfsleyfi en engar ábendingar voru gerðar.	
<b>Samantekt:</b>	Stöð sem notar engin lyf eða hreinsiefni. Til stendur að sameina starfsleyfi stöðvarinnar við 200 tonna leyfi Matorku í Húsatóftum samhliða stækkun úr 3000 tonnum í 6000 tonn. Mikil endurnýting er á vatninu sem er veitt út í sjó án hreinsunar. Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en ein ábending er gerð varðandi ákvörðun á losun eldisins á fösfór og köfnunarefni sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi.
<b>Annað:</b>	Farið var yfir breytingar á tíðni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka i5 Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	24.10.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Matorka i5	<b>Eftirlitsmaður</b>	Steinar Rafn Beck Baldursson
<b>Heimili</b>	Reitur I5, vestan Grindavíkur	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	500412-0540	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefanía Karlsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sveinbjörn Oddsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en ein ábending er gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að skv. gr. 3.3 skal fylgjast með losun fosfórs og köfnunarefnis út frá fôðurnotkun. Rekstraraðili hefur ákvarðað losun fosfórs í kg/tonn út frá mælingum og skilað losunartölum, kg fosfór og köfnunarefnis í útstremisbókhaldi sem er reiknað frá fôðurnotkun. Sú losun er samtala fyrir 3 starfsstöðvar. Því óskar stofnunin eftir því að útreikningar á losun fosfórs og köfnunarefnis frá fôðurnotkun í kg/tonn fyrir þessa starfsstöð fylgi einnig ársyfirliti framvegis.

## ANNAÐ

Farið var yfir breytingar á tíðni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2019

Hulda Soffía Jónasdóttir